

Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. febrúar 2020.

Efni: Umsögn um mál nr. 48, frumvarp til laga um um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

FRÆ - Fræðsla og forvarnir leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Með því að heimila í lögum heimabugg (framleiðslu áfengis til einkaneyslu án leyfa og eftirlits) er gengið gegn þeirri grundvallarsýn að áfengi sé ekki eins og hver önnur neysluvara. Forsendur hennar verða ekki skýrari en í framsetningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar: „*Skadleg notkun áfengis er alheimsvandamál sem leiðir til milljóna dauðsfalla, þar á meðal glatast líf hundruð þúsunda ungs fólks. Það er ekki aðeins orsakabáttur í mörgum sjúkdómum, heldur einnig áhrifaþáttur í slysum og ofbeldi.*“ (Sjá t.d.: Global status report on alcohol and health. World Health Organization 2011).

Þetta er í sjálfu sér næg forsenda þess að leyfisbinda alla þætti innflutnings, framleiðslu, sölu, dreifingu og markaðsvæðingu áfengra drykkja og tryggja eftirlit með þeim þáttum. Með samþykkt frumvarpsins er opnað á aukið aðgengi að áfengi og þar af leiðandi aukna neyslu og aukinn vanda vegna áfengisneyslu.

Flutningsmenn taka undir þetta í greinargerðinni með frumvarpinu og segja: „*Flutningsmenn mótmæla því ekki að aukið aðgengi leiði af sér aukna neyslu, en telja að lögfesting frumvarpsins leiddi hins vegar ekki af sér aukið aðgengi miðað við það sem nú þegar er.*“ Þessa síðustu fullyrðingu verður að rökstyðja með vísan í rannsóknir eða önnur gagnreynd gögn.

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir: „*Áfengismál eru réttilega mjög umdeild og því verður að taka þá staðreynd að hvorki virðist áhugi meðal yfirvalda né almennings á því að framfylgja banninu sem vísbendingu um að hið fortakslausa bann við framleiðslu áfengis til einkaneyslu eigi ekki lengur erindi í íslensku samfélagi.*“ Ennfremur að: „*Það væri afar óæskilegt ef yfirvöld tækju skyndilega upp á því að framfylgja banninu enda væri það ósanngjarnt gagnvart þeim einstaklingum sem hefðu haft með höndum framleiðslu áfengis til einkaneyslu, og hefðu þangað til starfað í góðri trú um að hegðan þeirra væri ekki bönnuð að lögum.*“ Og: „*Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að lagfæra þá ómögulegu stöðu að þung refsing liggi við almennt viðurkenndu athæfi, en það ástand býr til ófyrirsjáanlegt geðþóttavald sem flutningsmenn telja draga úr rétti borgaranna til að þekkja fyrir fram afleiðingar gjörða sinna.*“

Hér er staðhæft um áhugaleysi almennings á banni við heimabuggi án þess að vísa í gögn, t.d. kannanir eða rannsóknir. Einnig virðist hér afskiptaleysi eða áhugaleysi yfirvalda gagnvart brotum á tilteknum lögum vera notað sem átylla þess að fella þau úr gildi og áhyggjum lýst yfir að yfirvöld taki skyndilega upp á því að framfylgja lögum. Þetta verður að teljast sérstök röksemdafærsla.

Allar ákvarðanir sem líklegt er að leiði til aukinnar heildarneyslu áfengis eru í andstöðu við stefnu stjórnvalda (sbr. Stefna stjórnvalda í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020) og ógna góðum árangri í að draga úr ávana- og vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna.

Virðingarfyllst,



Framkvæmdastjóri FRÆ - Fræðslu og forvarna

Þekking í þágu forvarna